

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, greiðist úr ríkissjóði og ákveðast kr. 700.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögn hans stafar af önnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Lárússon, greiði stefnanda, Þorgrimi Ólafssyni, kr. 500.00 með 6% ársvöxtum frá 12. október 1944 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

—
Miðvikudaginn 29. janúar 1947.

Nr. 115/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Jóni Kristni Steinssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárússon
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Áverkamál. Bifreiðalagabrot og umferðarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Auk þeirra lagaboða, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði gerzt sekur við 4. gr. umferðarlaga. nr 24/1941.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kristinn Steinsson, greiði 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. marz 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 20. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 845/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Jóni Kristni Steinssyni, sem tekið var til dóms hinn 4. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Kristni Steinssyni bifvélavirkja, Skúlagötu 60, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. nóvember 1908. Hinn 12. júní 1939 hefur hann sætt áminningu fyrir brot gegn umferðarreglum og hinn 17. marz 1941 áminningu fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Slys það, sem mál þetta er af risið, varð um kl. 9 síðdegis 30. janúar 1945 á Suðurlandsbraut hér við bæinn, milli móta Suðurlandsbrautar og Holtavegar og Suðurlandsbrautar og Grensásvegar. Á þessu svæði liggur vegurinn beint áfram, en hallar lítið eitt frá vestri til austurs. Aðalvegurinn er steinsteyptur, sem næst 5,90 m á breidd, og er honum skipt í tvo hluta jafnbreiða, en norðaustan steipta vegarins er malborinn vegur, 4,70 m á breidd, ætlaður riðandi mönnum og fótgangandi. Þegar slysið varð, var um 8 stiga frost, veður kyrrt og úrkomulaust. Vegurinn var auður.

Í frumskýrslu lögreglunnar um slysið er tekið fram, að ísing hafi verið á veginum. Þrír lögregluþjónar fóru á slysstaðinn, þegar eftir að slysið varð, og hefur einn þeirra borið, að hann hafi orðið þess var, að „einhver ísing“ var á veginum, þegar lögreglubifreiðin var stöðvuð eða henni ekið af stað. Hinir lögregluþjónarnir muna ekki, hvort ísing var á veginum eða ekki, og önnur vitni svo og ákærði sjálfur halda því fram, að ísing hafi eigi verið á veginum. Hvorki lögreglubifreiðin né bifreið ákærða voru á keðjum, og telja tveir lögregluþjónanna, að aðrar bifreiðar, sem um veginn fóru, hafi ekki verið á keðjum. Verður að líta svo á af framansögðu, að ísing hafi engin verið eða svo óveruleg, að ákærða hafi verið vitalaust að aka bifreið sinni keðjulausri.

Ákærði ók í þetta sinn fólksbifreiðinni R 2479 austur Suðurlandsbraut, og var ferðinni heitið að Vatnsenda. Hann skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið á vinstri helmingi steypa vegarins, og hafi hjól bifreiðarinnar aldrei farið út á malborna veginn né heldur yfir miðlinu steypa vegarins, fyrr en slysið varð. Ökuhraðann segir hann hafa verið fremur lítinn, en treystir sér eigi til þess að tiltaka hann nákvæmlega. Þegar hann nálgadist slysstaðinn, kom á móti honum herbifreið með mjög sterkum ljósum, sem blinduðu hann. Með því að breyta ljósum sinnar bifreiðar í hærri og lægri ljós gaf hann stjórnanda herbifreiðarinnar merki um, að deyfa ljós hennar, en þegar því var ekki sinnt, hægði ákærði á ferð sinnar bifreiðar. Um leið og bifreiðarnar mættust og ljós herbifreiðarinnar hættu að blinda ákærða, sá hann hest standa á afturfótunum fyrir framan vinstra frambretti bifreiðar sinnar, og snéri hesturinn með brjóst og kvið á ská að ákærða. Ákærði, sem þá kveðst hafa verið á mjög hægri ferð, hemlaði bifreiðina strax og reyndi að sveigja stefnu hennar til hægri inn á veginn frá hestinum, en á sama augabragði rakst bifreiðin á hestinn, og heldur ákærði, að framendi hennar hafi farið undir brjóst hestsins, er hann stóð á afturfótunum, og í sömu svifum hafi framfætur hestsins fallið ofan á vélarhlíf bifreiðarinnar. Um leið sá ákærði eitthvað dökkt, „eins og svarta flygsu“, detta á vélarhlífina, þaðan á vinstra frambretti og þaðan á veginn. Ákærði stöðvaði nú bifreiðina í einu veffangi, að því er virðist, enda hefur hún, þegar hér var komið, verið á mjög hægri ferð, að eigin sögn ákærða. Hann fór strax út úr henni og sá þá, að það, sem honum hafi sýnt vera svört flygsa, var maður, sem lá meðvitundarlaus á veginum. Samferðamaður hins slasaða, Páll Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hlíð við Breiðholtsveg, var að fara af baki, þegar ákærði kom út úr bifreiðinni. Þeir, ákærði og Páll, stöðvuðu bifreið, sem þarna bar að, og fór Páll með hinn slasaða mann í henni á Landspítalann. Það, sem ákærði sá fyrst til hestsins eftir áreksturinn, var, að hann hljóp austur veginn og dró hnakkinn. Ákærði skeytti honum ekki, fyrr en hann hafði komið hinum

slasaða af stað áleiðis á sjúkrahúsið. Þá sá hann hestinn liggja skammt frá bifreiðinni innar á veginum, og voru nokkrir menn í kringum hann. Var hesturinn svo lemstraður, að hann var skotinn á slysstaðnum strax að heita mátti. Skemmdir á bifreiðinni urðu nokkrar, en þó eigi verulegar. Sá, sem fyrir slysinu varð, var Guðmundur Jónsson verkamaður, Hlið við Breiðholtsveg, fæddur 18. desember 1893. Við yfirheyrslu hefur hann enga grein getað gert sér fyrir slysinu og minnst þess ekki, að hafa verið riðandi á ferð, er slysið varð. Telur hann sig, þegar slysið varð, hafa verið í bifreið og verið að fara frá Reykjavík. Hefur hann algerlega tapað minni um slysið, enda varð hann fyrir mjög alvarlegum meiðslum við það, eins og síðar verður að vikið. Páll Sigurðsson, samferðamaður Guðmundar, skýrir svo frá, að þeir hafi riðið niður Grensásveg og síðar vestur reiðveginn norðaustan steypa vegarins, og höfðu þeir riðið stuttan spöl vestur reiðveginn, þegar slysið varð. Báðir voru þeir allgáðir og á stilltum hestum, sem virtust óhræddir við bifreiðar. Guðmundur reið einhesta, en Páll teymdi trippi hægra megin við sig. Hann þorir ekki að fullyrða, hve langt frá steypa veginum hann hafi riðið, en ber, að trippið hafi verið eitt til tvö fet frá nyrðri brún malborna vegarins. Margar bifreiðar óku þarna framhá þeim bæði austur og vestur veginn, og virtust hestarnir ekki hræðast þær. Páll reið á undan Guðmundi. Rétt á undan slysinu sá Páll bifreið með sterkum ljósum koma vestan akveginn mjög nálægt reiðveginum, og kveðst hann hafa veitt þessari bifreið sérstaka athygli, sökum þess að henni var ekið nær honum en öðrum bifreiðum, sem um veginn fóru. Ekki tók hann eftir, að ljósum hennar væri breytt, en þeim veitti hann enga sérstaka athygli. Ekki tók hann heldur eftir því, að bifreið væri ekið framhá þessari bifreið, rétt áður en slysið varð, en bifreiðaumferð var mikil á veginum. Þegar bifreið þessi átti ófarnar 4 til 5 bifreiðalengdir að Páli, leit hann við og sá, að Guðmundur var rétt á eftir sér beint fyrir aftan sig. Telur Páll, að hraði bifreiðarinnar, þegar hún fór framhá honum, hafi verið 35—40 km, miðað við klukkustund. Þegar bifreiðin var komin framhá honum, heyrði hann skell og leit þá við og sá, að hestur Guðmundar hafði tekizt á loft og bar hálfan ofan við áðurnefnda bifreið. Einnig sá hann Guðmund í loftinu, en vegna myrkurs sá hann ekki, hvernig hann kom niður, og ekki sá hann heldur, hvernig hesturinn kom niður. Þegar Páll sá hestinn á lofti, heyrði hann hemlahljóð frá bifreiðinni, og ályktar hann af því, að bifreiðin hafi þá verið á hreyfingu. Hann hraðaði sér af baki og fór að bifreiðinni, og hafði ákærði þá reist Guðmund upp til hálf. Í orðaskiptum, er fóru milli Páls og ákærða, sagði ákærði, að bifreið, sem á móti sér hefði komið, hefði blindað sig. Páll fór síðan með Guðmund á Landspítalann í bifreið, sem þarna bar að. Vegna umhugsunar um að hjálpa Guðmundi kveðst Páll ekki hafa

tekið eftir stöðu bifreiðar ákærða né legu hestsins á veginum eftir slysið.

Þegar lögreglan kom á vettvang, lá hesturinn 7 metra fyrir framan bifreiðina, en bifreiðin stóð innarlega á nyrðri helmingi steypta vegarins, og hægra framhjól hennar var á mótum hinna steyptu vegarhelminga. Tveir lögregluþjónar athuguðu verksumerkin á staðnum, og varð annar þeirra ekki var við hemlaför eftir bifreiðina, en hinn sá hemlafar, ekki meira en eins meters langt, eftir annað hjól bifreiðarinnar, en ekki mundi hann, þegar hann gaf skýrslu sína, eftir því, hvort hjólfarið þetta var.

Eins og áður segir, varð Guðmundur Jónsson þarna fyrir allverulegu slysi. Í vottorði Landspítalans um hann, dagsettu 6. apríl 1945, er dr. med. Snorri Hallgrímsson hefur gefið, segir svo: „Guðmundur Jónsson, til heimilis í Hlíð við Breiðholtsveg, var lagður inn á IV. d. Landspítalans $\frac{3}{4}$ 1945 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir þá rétt áður.

Við komuna hingað var Guðmundur rænulaus. Hann var skrámaður á nefi, og stórt mar sást á h. mjöðm, en annars ekki merki um ytri áverka. Hann var algerlega rænulaus í 6 daga, en úr því fór hann að hressast. Fyrstu vikurnar eftir að hann kom til meðvitundar, var hann algerlega ruglaður og mjög órólegur. Síðar meir róaðist hann smámsaman og síðustu tvær vikurnar, sem hann var á deildinni, gat hann borðað og klætt sig að mestu hjálparlaust, en var allruglaður. Við brottförina héðan þ. $\frac{1}{2}$ 1945 var hann sæmlega hress, en allmikið ruglaður. Hann vissi t. d. ekki, hvar hann var eða hvar hann átti heima. Hann talaði í sífellu og varð mjög öngur, ef honum var mótmælt. Hann gat ekki hirt um sjálfan sig, nema það allra nauðsynlegasta, og þurfti því áframhaldandi nákvæma umönnun.“

Í vottorði sama læknis, dagsettu 7. janúar s. l., segir, að Guðmundur hafi í slysinu hlotið hauskipunbrott, og einnig hafði mjaðmargrind brotnað framan til vinstra megin. Í þessu vottorði segir, að Guðmundi hafi batnað frá því fyrra vottorðið var ritað, en sé þá langt frá því að vera heill heilsu og sé algerlega óvinnufær. Fyrir liggja vottorð dr. med. Helga Tómassonar og Jóhanns Sæmundssonar læknis um ástand Guðmundar, en eigi þykir ástæða til að fjölyrða frekar um það hér en orðið er.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, þykir ljóst, að leggja verður skýrslu ákærða til grundvallar við dómsálagningu málsins. Samkvæmt þeirri skýrslu blindaðist ákærði af ljósum bifreiðar þeirrar, sem á móti honum kom, en ók samt áfram. Vegna þess að hann blindaðist, sá hann ekki til ferða Guðmundar, fyrr en hann (ákærði) komst út úr ljósmáli bifreiðarinnar, sem á móti kom, en í sömu andráníni rakst bifreiðin á hestinn. Þó að eigi sé vitað um hreyfingar hestsins næstu augnablikin fyrir slysið, verður að telja,

að slysið hefði ekki orðið, ef ákærði hefði eigi sýnt þá ógætni að aka áfram blindaður af bifreiðarljósunum. Með þessari ógætni hefur ákærði gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga, 27. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og afleiðingum brotsins, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Kristinn Steinsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1947.

Nr. 86/1946. **Vélsmiðjan Þór h/f** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Bjarna Ö. Jónassyni (Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking. Vísun máls til sjó- og verzlunardóms.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Mál þetta er risið út af verzlunarviðskiptum umboðs- og heildsala annars vegar og verksmiðjueiganda hins vegar. Átti því sjó- og verzlunardómur að fara með málið og dæma það samkvæmt 2. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara bar þess vegna að kveðja til samdómsmenn samkvæmt 201. gr. sömu laga þegar eftir þingfestingu málsins.